

Ár 2013, föstudaginn 28. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-100/2013:

Ákærvaldið

(Óli Ingi Ólason aðstoðarsaksóknari)

gegn

Rafal Sobczak

(Unnar Steinn Bjarnald hdl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 7. mars sl. og dómtekið 11. júní sl., var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 6. febrúar 2013, á hendur Rafal Sobczak, kt. 000000-0000, Kirkjuvegi 52, Reykjanesbæ, fyrir tilraun til manndraps, með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 3. febrúar 2012, við Engihjalla 25 í Kópavogi, veist að Guðna Þorberg Theodórssyni, með hnífi með 8 sm löngu hnífsblaði, rekið hnífinn í tvígang í framanverðan kviðinn á Guðna Þorberg og í kjölfarið stungið hann í hægri síðu, yfir neðstu rifjum við nýrnastað, með þeim afleiðingum að lífshættulegur áverki hlaut af. Guðni Þorberg hlaut 2-3 sm langan og 6-8 sm djúpan skurð þar sem hnífurinn fór á milli rifja, inn í nýrað og særði miltað með þeim afleiðingum að fjarlægja þurfti miltað og sauma nýrað. Þá hlaut Guðni Þorberg tvö grunn sár á framanverðum kviði.

Telst háttsemin varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess einnig krafist að hnífur af gerðinni Sheffield, sem lögregla lagði hald á undir rannsókn málsins, verði gerður upptækur samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga.

Einkaréttarkrafa.

Af hálfu Guðna Þorbergs Theodórssonar, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 3.257.257, með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 3. febrúar 2012 til greiðsludags en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta skv. 6. gr., sbr. 5. gr., sömu laga til greiðsludags. Þá er gerð krafa um réttargæsluþóknun úr hendi kærða, brotþola að skaðlausu skv. framlögðum reikningi.

Ákærði kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og játaði þá háttsemi sem lýst er í ákærinni en neitaði sök. Þá mótmælti ákærði bótakröfunni.

Lagði ákærði fram greinargerð 3. apríl sl. Aðalmeðferð hófst þann 16. maí 2013 og var framhaldið 11. júní sl. Var málið dómtekið að málflutningi loknum. Krafðist ákærði sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa.

Málsatvik.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var tilkynnt um slagsmál þann 3. febrúar 2012 við Engihjalla 25 í Kópavogi. Fylgdi tilkynningunni að maður hefði verið stunginn í kvið. Þegar lögreglan kom á vettvang sat brotþoli á gangstéttinni á móts við Engihjalla 25 og hélt um vinstri síðu. Aðspurður kvaðst hann hafa verið stunginn nokkrum sinnum í síðuna. Sýndi hann lögreglu áverka á vinstri síðu og sá lögregla nokkur stungusár og að líffæri voru byrjuð að ganga út. Var ákærði handtekinn í kjölfar í íbúð í húsinu. Við leit í íbúðinni fannst hnífur sem lögregla lagði hald á, en hann hafði hugsanlega verið notaður við verknaðinn.

Á vettvangi upplýsti Auður Ólafsdóttir, sem býr í íbúð 1c að Engihjalla 25, að Hrefna Rán Hannesdóttir hafi komið í heimsókn til hennar fyrr um daginn ásamt Þóru Björgu Sigurðardóttur en Þóra hafi fengið bifreiðina LN-373 að láni frá Guðna Þorberg. Því næst hafi Rafal komið til þeirra. Hafi Guðni Þorberg hringt í Hrefnu og hún ætlað að skila bifreiðinni til hans við Hátún í Reykjavík. Að Hrefnu sögn hafi Guðni ekki komið þangað og Hrefna því komið aftur í Engihjalla á bifreiðinni. Stuttu síðar hafi Rafal og Hrefna farið aftur út og Auður heyrt öskur frá Hrefnu og Rafal frá bifreiðastæðinu, og í einni manneskju til viðbótar sem hún hafi ekki kannast við. Hún hafi því farið út á svalir og séð mann í lopapeysu og Hrefnu á bifreiðastæðinu en ekki Rafal. Því næst hafi dyrabjallan hringt og hún farið til dyra og hafi þá Hrefna og Rafal komið inn og Hrefna hringt í Neyðarlínuna.

Rannsóknargögn.

Lögregla lagði hald á hníf sem fannst á heimili Auðar Ólafsdóttur að Engihjalla 25 í Kópavogi og var DNA-sýni sent til Noregs til rannsóknar. Niðurstöður sýndu að á hnífum greindist sama DNA-snið og DNA-snið brotþola. Liggja fyrir ljósmyndir af hnífnum og kemur fram að um sjálfskeiðung sé að ræða með svörtu skefti af gerðinni Sheffield og sé blað hnífsins eineggja og átta sentímetra langt. Mesta breidd blaðsins mælist 2,7 sm.

Ljósmyndir liggja fyrir af vettvangi og sést að fyrir framan bifreið brotþola er lítill runni en brotþoli lýsti því að ákærði hefði allt í einu komið stökkvandi yfir trjágróður.

Af ljósmyndum frá Engihjalla 25 sést að bifreiðin var staðsett á bílplani í beinni sjónlínu frá íbúðum vitnanna Auðar og Guðbjargar. Þá sést á myndum að ekki er sjónlína frá svölum þessara íbúða að aðalinngangi blokkarinnar þar sem hann snýr til annarrar áttar. Þá sést æla á gólfi fyrir framan póstkassa í forstofu.

Læknisvottorð dagsett 1. febrúar [2013].

Í vottorðinu segir að við komu á slysadeild þann 3. febrúar 2012 hafi brotaþoli verið með tvö grunn nokkurra millimetra löng sár framanvert á kviði aðeins vinstra megin við miðju. Það geti verið grunn stungusár eftir eitthvað oddhvasst, hníf eða slíkt. Aftanvert á hægri síðu yfir neðstu rifum, um það bil yfir nýrnastað, er hann með stungusár sem sé tveir til þrír cm á lengd. Út úr því sári standi fitusepi, sem að gangi inn og út við öndun. Það beri þess merki að þar sé um dýpra sár að ræða. Á sneiðmynd sjáist að það hafi verið stungusár þar sem hafi gengið inn á milli rifja, inn í nýrað og virst hafa sært miltað í kantinn. Blæðing sjáist í kringum nýra og milta. Brotaþoli hafi verið tekinn strax til aðgerðar. Talsvert sár hafi verið í milta og hafi þurft að fjarlægja það. Einnig hafi verið blæðing úr áverka á nýra sem hafi þurft að sauma. Í aðgerð hafi blætt um það bil einn lítri. Í niðurstöðum segir að um sé að ræða alldjúpt stungusár á vinstri síðu sem olli áverka á nýra og milta. Erfitt sé að fullyrða nákvæmlega hversu djúpt það sé en miðað við þegar sárið var skoðað á sneiðmynd sé að lágmarki um að ræða sex til átta cm djúpt sár. Áverkarnir verði að teljast lífshættulegir og mun tilviljun hafa ráðið hvort þetta hefði farið í stærri æðar sem valdið hefði mikilli blæðingu og ef nýrnaslagæðin eða miltisslagæðin hefðu skorist í sundur þá hefði brotaþola getað blætt út á mjög stuttum tíma.

Þá segir í vottorðinu að brotaþoli hafi verið á gjörgæslu í tvo daga og útskrifast af spítalanum 7. febrúar 2012. Hann hafi fengið sýkingu í skurðsárið og þurft að leggjast aftur inn til sýklalyfjameðferðar en útskrifast eftir tvo daga. Líkamlegar afleiðingar þessara verka séu hugsanleg lýti af örum á kvið eftir aðgerðina og sárin. Eftir miltistöku þurfi fólk að fá bólusetningu fyrir lungnabólgaþakkeríum og sé alltaf hættara en öðrum við ákveðnum bakteríusýkingum. Kviðarholsaðgerðir geti valdið samvexti í kvið sem aftur geti leitt til ýmissa vandamála í viðvarandi verkjum og hugsanlega garnaflækju síðar. Brotaþoli hafi verið í miklu áfalli eftir árásina og mætt í viðtöl á vegum áfallateymis eftir útskrift á spítalanum.

Matsgerð Rannsóknastofu í lyfja og eiturefnafræði liggur fyrir og kemur þar fram að mælst hafi tetrahydrókannabínól í blóði brotaþola 1,5ng/ml.

Ljósmyndir af fatnaði brotaþola og ákærða liggja frammi sem staðfesta blóðbletti og skemmdir.

Ljósmyndir af ákærða liggja fyrir þar sem sjá má ákomu á hægri sköflungi og við vinstra herðablað, rispúr á vinstri úlnlið og roðabletti á enni.

Vottorð lækni um réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða liggur fyrir. Segir í vottorðinu að kúla sé á miðju enni, trúlega eftir högg, ca 4 x 2,5 cm. Nef sé svolítið marið og rautt en óbrotið. Margar grunnar húðrispur séu á vinstri úlnlið lófamegin og mar og eymsli við vöðvafestu ulnart. Þá séu roðaför um báða úlnliði sem séu sennilega eftir handjárn. Hendur og fingur séu eðlileg að sjá og engin áverkamerki. Brjóstkassi sé eðlilegur sem og bak og rass. Vinstra megin á baki sé húðrispa, sem gæti verið eftir fingur. Fótleggir séu eðlilegir en smá yfirborðshrafl á hæggra hné og framan á vinstri legg.

Í matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði kemur fram að í blóði ákærða hafi mælst morfín 170 ng/ml.

Ljósmyndir liggja fyrir af Hrefnu Rán Hannesdóttur og réttarlæknisfræðileg skoðun. Kemur fram á ljósmyndum sár á vinstri öxl og mar á vinstri og hægri framhandlegg. Húðrispur sjást á handarbaki hægri handar og rispa á fingurgóm. Mar sést á vinstra hné.

Í vottorði læknis um réttarlæknisfræðilega skoðun á Hrefnu Rán kemur fram að nef sé aumt en engin áverkamerki. Handleggir séu eðlilegir en á vinstri öxl sé lítið sár. Handarbök séu þakin sprautuförum og þar sé mar og bólga á vinstra handarbaki fyrir miðhandarbeini. Roðaríska sé á vinstra brjóstinu miðlægt. Læri eðlileg nema roðablettur framan á vinstra hné sem gæti verið eftir eitthvert hnjask.

Ljósmyndir eru í málinu af fatnaði Hrefnu Ránar auk rannsóknar á þeim. Kemur þar fram að framan á hlýrabol var blóðblettur og á framhlið neðarlega. Þá var rifa á hlýrabolnum. Þá eru ljósmyndir af leggingsbuxum Hrefnu þar sem fram koma fjórir smáir blettir sem gefa svörun við blóði. Var fatnaður Hrefnu ekki rannsakaður frekar af lögreglu.

Skýrslur fyrir lögreglu og dómi.

Ákærði lýsti því svo hjá lögreglu að hann hafi verið að verja sig og kærustu sína, en brotþoli hafi verið tvisvar sinnum stærri en ákærði. Hann hafi ekki átt annarra kosta vól, brotþoli hefði annars barið hann til dauða. Sagði hann kærustu sína, Hrefnu, hafa farið út á bílaplan og hann komið á eftir henni tveimur mínútum síðar. Þá hafi þessi maður verið að atast í henni og rífið í hana. Ákærði hafi komið nær og Guðni byrjað að öskra á hann og sagt þau hafa stolið bílnum hans. Ákærði hafi þá sagt við kærustu sína: „Komdu, förum heim“, og þau lagt af stað gangandi. Brotþoli hafi hlaupið á eftir þeim og kýlt ákærða. Ákærði hafi náð að hlaupa aðeins áfram en kærasta hans orðið eftir og byrjað að útskýra hlutina fyrir Guðna en Guðni þá aftur ráðist að henni. Ákærði hafi þá hlaupið að og Guðni þá kýlt hann fjórum sinnum í andlitið. Ákærði hafi þá náð að rífa sig frá og hann og kærasta hans náð að hlaupa inn á stigagang hússins en ekki náð að komast inn þegar brotþoli náði þeim og hélt áfram að berja þau. Ákærði hafi reynt að verja sig en ákærði væri miklu stærri en hann. Ákærði, sem sé eiturlyfjasjúklingur og vegi um 60 kíló, hafi dottið á jörðina og brotþoli þá sparkað í hann og einnig í höfuðið. Ákærði hafi þá tekið upp hnífinn en ekki vitað þá hvað var „úti á hnífnum“ og þau síðan farið inn. Ákærði kvaðst hafa stungið brotþola tvisvar í fótinn með hnífnum. Ákærði hafi legið á gólfinu og reyndi hann að lýsa með látbragði fyrir lögreglu hvernig hann hafi náð með hnífnum ofar á Guðna. Kvaðst ákærði ekki hafa ætlað að drepa brotþola, heldur fæla hann í burtu. Ákærði kvaðst ekkert þekkja til brotþola né vita deili á honum. Ákærði lýsti aftur aðdragandanum að átökum þeirra, en hann kvaðst hafa heyrt kærustu sína segja við ákærða að hún hafi ekki stolið bílnum hans, heldur vinkona þeirra, sem hafi skilið þau eftir með bifreiðina. Aðspurður um hvað ákærði hafi notað til að verja sig, lýsti ákærði verkfærinu svo að það væri fjölnota hnífur með skærum, töng og naglaþjöl á og hann haldi að hann hafi tekið vasahnífinn fram úr verkfærinu. Sagði ákærði þetta hafa verið sjálfsvörn, kærasta hans hafi verið ófrísk og einhver rugladallur byrjað að berja þau. Aðspurður síðar hjá lögreglu um upphaf átakanna kemur fram að ákærði safnaði hnífum og gat ekki skýrt það hvers vegna hann hafi beðið Hrefnu um að fela hnífinn, auk þess að hann gat ekki skýrt það hvers vegna hann væri ekki með áverka í samræmi við ofbeldisfulla árás brotþola. Ákærði lýsti því ítrekað fyrir

lögreglu að þegar hann stakk brotþola hafi hann legið á gólfinu, brotþoli sparkað ítrekað í höfuð hans en ákærði náð í hnífinn í vasa sinn, dregið hann út eða opnað hnífinn og stungið brotþola í fótinn í þeim tilgangi að hann hætti að sparka í sig.

Ákærði kom fyrir dóminn og kvað málavexti þá að hann og kærasta hans hafi verið í partii og einhverra hluta vegna verið á bifreið brotþola. Hrefna hafi farið út úr íbúðinni einhverjum mínútum á undan ákærða en þau hafi ætlað að skila bifreið brotþola. Þegar hann kom út sá hann brotþola berja Hrefnu og vissi ekki hvað var að gerast. Ákærði gekk að þeim og kvaðst hafa öskrað á brotþola og spurt hvað væri í gangi. Hrefna hafi flúið inn í húsið og brotþoli byrjað að berja hann og sparka í hann. Ákærði hafi beðið hann að hætta en hann ekki orðið við því. Leikurinn hafi færst inn í húsið en ákærði verið mjög hræddur. Hann hafi vitað að þetta snerist um bifreiðina og ekki vitað hvað hann ætlaði sér með ákærða. Ákærði hafi bara viljað að brotþoli myndi hætta. Ákærði hafi verið með hníf á sér og tekið hann upp og ætlað að stinga brotþola í fótinn. Ákærði kvaðst hafa legið á gólfinu og ekki séð aðra leið en að stinga brotþola. Ákærði hafi ætlað að skaða fót brotþola en á sama tíma verið að skýla andliti sínu þannig að hann sá ekki vel hvar hann stakk. Stungan hafi farið eitthvað ofar en í fótinn og ákærða liði mjög illa yfir þessu en ákærði hafi ekki ætlað að bana brotþola. Þeir hafi verið staddir í forstofu hússins við stigaganginn en hann myndi það ekki svo vel. Árásin hafi staðið yfir í nokkrar mínútur, fimm eða tíu mínútur. Brotþoli hafi fyrst ráðist að kærustu hans, hún hafi fyrst flúið inn í íbúðina og hann síðan á eftir henni. Ákærði kvaðst minna að hann hafi sagt brotþola að láta kærustu sína í friði. Ákærði kvaðst ekki muna hvort hann kallaði eftir aðstoð. Eftir hnífstunguna fór ákærði inn í íbúðina og sagði kærustu sinni að hringja í lögregluna en hann hafi ekki sagt henni að hann hefði stungið brotþola. Tilgangurinn með því að hringja í lögreglu hafi verið að kæra árás brotþola á sig. Aðspurður um það hvers vegna hnífstungan lenti í kvið brotþola, kvaðst ákærði hafa verið í hnipri, eins og hann sýndi dómnum stöðu sína, á gólfinu og á hækjum sér þegar hann beitti hnífnum. Hann hafi skýlt andliti sínu með vinstri handlegg, tekið hnífinn og stungið frá sér. Hann hafi talið þá að hann hefði einungis stungið brotþola einu sinni en viti núna að það var oft. Aðspurður hvers vegna hann bæri hníf á sér, kvaðst hann hafa notað hnífinn við eiturlýfin en hann hafi keypt hnífinn þremur dögum fyrir atvikið. Hann hafi tekið hnífinn upp í sjálfsvörn. Aðspurður sagðist ákærði hafa örugglega verið með áverka á sér eftir árásina og honum hafi verið illt alls staðar. Ákærði kvað Hrefnu hafa verið inni í íbúðinni þegar ákærði stakk brotþola og hún hafi ekki séð þegar það gerðist.

Ákærði kvaðst hafa verið í mikilli fikniefnaneyslu á þessum tíma og neytt harðra fikniefna. Hann hafi ekki verið í góðu líkamlegu ástandi þessa nótt, sextíu kíló þegar þetta gerðist. Þá hafi hann verið mjög hræddur, bæði um sig og kærustu sína. Brotþoli hafi verið mjög ógnandi fyrst þegar þau voru við bifreiðina og hafi sagt við þau að þau fengju að „borga“ fyrir þetta. Þá hafi Hrefna flúið og hann gengið frá ákærða. Ákærði hafi gengið í átt að íbúðinni en brotþoli komið hlaupandi á eftir honum. Það sé ósatt hjá brotþola að ákærði hafi verið ógnandi og brotþoli flúið hann. Ákærði kvað ekkert annað hafa vakað fyrir sér en að verja sig til að brotþoli léti sig í friði.

Í dag kvaðst ákærði hafa verið laus við fikniefni frá 3. febrúar 2012 en ekki farið í meðferð. Ákærði vinni í dag í álverinu á Reyðarfirði. Hann og Hrefna búi saman og þau eigi von á barni í júlí. Ákærði kvaðst muna eftir því að brotþoli

spurði um hund en ákærði kvaðst ekkert vita um hann. Þá kvað ákærði það ósatt að hann hafi farið inn í íbúðina eftir stunguna og komið aftur út. Hrefnu hafi tekist að flýja inn en ekki honum.

Aðspurður um það misræmi á frásögn Hrefnu að hún hafi verið að koma frá Fíladelfíu þegar hún hitti ákærða á bílplaninu og hans frásögn að Hrefna hafi farið út úr íbúðinni rétt á undan honum þegar þau hittu brotaþola, kvaðst hann hafa verið búinn að þrýsta á Hrefnu að skila bifreiðinni og hélt að þau hefðu mælt sér mót við Fíladelfíu. Brotaþoli hafi ekki komið þangað og hún komið aftur til baka. Þau hafi ætlað að fara með bifreiðina heim til brotaþola, kannski hafi Hrefna komið inn til að sækja sig en hann muni það ekki nákvæmlega. Brotaþoli hafi verið staddur við bifreiðina fyrst þegar ákærði sá hann.

Hrefna Rán Hannesdóttir, unnusta ákærða, skýrði svo frá fyrir lögreglu 3. febrúar 2012 að Þóra, vinkona hennar, hafi verið á bifreið ákærða og ekið Hrefnu til Keflavíkur til að sækja föt og hafi Guðni verið með þeim. Hrefna hafi verið á leiðinni í meðferð og þurft að fara heim til sín til að sækja fatnað og fleira í Reykjanesbæ. Guðni hafi farið heim til sín til að sækja föt, en hún og Þóra farið aftur til Reykjavíkur án þess að sækja Guðna. Þóra hafi þurft að koma við hjá Von í Síðumúla þar sem hún ætlaði að sækja um meðferð á Vogu. Áður hafi þær farið og sótt ákærða, sem hafi farið með þeim inn á Von. Þóra hafi farið þar inn og skilið bifreiðina eftir í gangi og Hrefna og ákærði beðið eftir henni í bifreiðinni. Þóra hafi síðan komið út með einhverjum manni og sagst þurfa að skreppa en ekki komið aftur. Hrefna hafi því farið á bifreiðinni í Engihjalla aftur. Guðni hafi síðan hringt í hana sama kvöld og beðið hana um að skila bifreiðinni við Fíladelfíu eða við Hátún. Hann hafi verið „brjáláður“ í símanum. Hún hafi reynt að skýra út fyrir Guðna að það hafi verið Þóra en ekki hún sem hafi verið með bifreiðina í láni eða stolið henni, Hrefna hafi bara setið uppi með bifreiðina. Hrefna hafi síðan farið að Fíladelfíu daginn eftir, samkvæmt samkomulagi við Guðna. Guðni hafi ekki komið en sími Helenu hafi orðið batteríslaus og hún því ekki getað hringt aftur í hann. Hún hafi beðið þar í um hálf klukkustund en farið þá aftur upp í Engihjalla. Þegar hún kom þangað hafi Guðni komið gangandi að henni, ráðist á hana og dregið hana á hárinu. Hún hafi öskrað og ákærði þá komið og Guðni þá ráðist á ákærða. Hrefna hafi reynt að stíla þeim í sundur en átökin borist út á götu og Guðni verið hálfpartinn ofan á ákærða. Hrefna hafi hlaupið inn og ætlað að hringja á lögregluna. Hrefna sagðist vita að ákærði gengi með hníf á sér en hún hafi ekki séð ákærða stinga til Guðna. Þegar hún var komin inn á ganginn hafi ákærði komið inn á eftir henni og sagst hafa stungið Guðna. Hún hafi hlaupið inn til Auðar og hringt á Neyðarlínuna. Ákærði hafi komið í kjölfar þess, hent hnífnum til hennar og Auðar og sagt þeim að fela hann.

Hrefna Rán Hannesdóttir kom fyrir dóminn og lýsti atvikum þannig að hún og Þóra Sigríðardóttir hafi farið með brotaþola til Keflavíkur kvöldinu fyrir atvikið. Þóra hafi verið með bifreiðina að láni. Hrefna hafi verið að ná sér í föt í Keflavík og þær síðan farið aftur til Kópavogs. Þau hafi farið daginn eftir að Von í Síðumúla og Þóra farið inn til að sækja um meðferð, komið út og skilið sig eftir með bifreiðina. Brotaþoli hafi hringt í hana og sagt henni að koma og skila bifreiðinni. Hún hafi komið af fjöllum þar sem hún hafi haldið að Þóra væri með bifreiðina að láni. Hún og brotaþoli hafi mælt sér mót við Fíladelfíu en brotaþoli ekki komið þangað. Sími hennar hafi orðið rafmagnslaus, hún ekið upp í Engihjalla, farið inn til að hlaða síma sinn og síðan hafi þau ætlað að hringja í brotaþola og skila honum

bifreiðinni. Hún hafi farið út og ákærði á eftir henni en þegar hún kom út á bifreiðastæðið hafi brotþoli verið þar og ráðist að henni og öskrað. Ákærði hafi komið á eftir sér og skipað brotþola að sleppa henni. Þeir hafi byrjað að slást og hún reynt að ganga í milli. Það hafi ekki gengið og hún tvisvar reynt að hringja í lögregluna en hún hafi verið búin að hlaða símann í smátíma. Síminn hafi aftur orðið batteríslaus úti og hún þá hlaupið inn í íbúðina til Auðar. Ákærði hafi komið hlaupandi inn í íbúðina á eftir henni og sagst hafa stungið brotþola og hent hníf til hennar og beðið hana um að fela hnífinn en hún myndi ekki til þess að hafa snert hnífinn. Hún hafi síðan hringt í lögreglu úr heimasíma Auðar. Hrefna kvað það ekki rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu að hún hafi verið að hringja dyrabjöllunni þegar ákærði stakk brotþola, hún hafi verið komin inn í íbúðina og ekki séð þegar brotþoli var stunginn. Aðspurð taldi hún mögulegt að hún hafi ekki verið komin inn í íbúðina til Auðar en hún hafi verið komin inn á ganginn. Hrefna taldi að ákærði hafi kastað upp eftir að hann stakk brotþola. Kvaðst hún ekki hafa hugmynd um það hversu langan tíma þetta tók. Hrefna kvað lögreglu hafa tekið ljósmyndir af þeim áverkum sem hún hlaut eftir árás brotþola. Upplýsti Hrefna að hún og ákærði hafi verið í mikilli fikniefnaneyslu á þessum tíma. Þá kvaðst Hrefna muna til þess að Þóra hafi verið með hund í bifreiðinni sem hún hélt að Þóra væri að gæta fyrir vin sinn. Hún hefði hins vegar ekki hugmynd um það hvað varð um hundinn. Þá hafi Þóra sent brotþola símanúmer hennar í sms en Hrefna hafi ekki þekkt neitt til brotþola.

Skýrsla var tekin af Guðna Þorberg af lögreglu 7. febrúar 2012. Lýsti hann atvikum þannig að hann hafi komið gangandi að bifreið sinni og fundið stelpu með lyklana að bílnum. Hún hafi hent lyklinum í hann og sagt: „Ég ætlaði að koma með bílinn til þín“. Guðni kvaðst hafa gripið í hnakkadrambið á henni og labbað með hana að bílnum og litið inn í bílinn og séð að það var ekki allt í lagi þar. Guðni hafi hent henni inn í bílinn og sagt: „Lítu í kring um þig og sjáðu hvað þú ert búin að gera“. Sagði hann bílinn hafa verið í algjöru rusli. Stelpan hafi síðan bara farið og þá hafi ákærði komið eins og sjimpansi, þar sem stelpan var að ganga, og gólað eitthvað. Guðni kvaðst vita að ákærði hafi verið búinn að keyra bílinn daginn áður eða sama dag og gengið að honum og sagt: „Þú veist kannski eitthvað um hundinn minn,“ og hann svarað: „Hundinn þinn,“ og Guðni svarað aftur „Hundinn minn, hvar er hann.“ Guðni hafi þá tekið í síðuna á ákærða og til þess að láta hann finna fyrir því að Guðni væri að tala við hann. Þá hafi ákærði byrjað að verða svolítið hræddur en samt verið stór karl í sér. Ákærði hafi farið í burtu og komið aftur til baka og stúlkan verið að segja eitthvað sem Guðni kvaðst ekki hafa nennt að hlusta á. Ákærði hafi þá kallað eitthvað á pólsku svo Guðni hafi gengið aftur að honum og hrint honum og sagt honum að fara að leita að hundinum og ákærði skyldi ekki láta sjá sig, hann hefði ekkert þarna að gera og sagt síðan: „Farðu að bílnum, athugaðu hvort hann er í bílnum.“ Einhverjar ryskingar hafi orðið þar fyrir utan. Ákærði og stelpan hafi farið inn í stigagang hússins eftir að einhver kona, Auður, kom út á svalirnar og byrjaði að gjalla eitthvað sem Guðni hafi ekki heyrt. Guðni kvaðst hafa sagt: „Þið eruð hérna, þú veist af hverju, takið bílinn minn hérna og svo er það lalalalala.“ Guðni kvaðst hafa verið reiður. Ákærði hafi farið inn í ganginn og sagt: „Ég veit hvar hundurinn þinn er“. Guðni kvaðst hafa gengið að hurðinni og ákærði haldið þá í hurðina og Guðni þrykkt hurðinni upp og sagt: „Hvar er hundurinn?“ Ákærði hafi þá sagt: „Ég ætla að drepa þig.“ Guðni hafi svarað: „Já gerðu það“. Stelpan hafi sagt eitthvað og af framburðinum verður ekki annað skilið en að ryskingar hafi þá byrjað og Guðni í kjölfarið áttað sig á því að hann var með hnífinn í sér. Ákærði hafi síðan komið á eftir sér út á götu með hnífinn og sagst ætla

að skera Guðna á háls. Ákærði hafi ráðist á handlegginn á Guðna og væri hann með fjórar litlar skrámur eftir að hafa slegið til ákærða. Guðni kvað Hrefnu hafa kvatt ákærða til að drepa sig í anddyrinu.

Aðspurður hverjir hafi verið með bifreið Guðna sagði hann að tvær stelpur hafi farið með sér til Keflavíkur, Þóra og Hrefna. Aðspurður hver hafi ekið, sagði Guðni það hafa verið vin sinn frá Reykjavík. Guðni kvað Þóru síðar hafa látið hann hafa símanúmer Hrefnu í sms og hann hringt í hana í framhaldi. Aðspurður aftur um atvikið inni í anddyri blokkarinnar kvaðst Guðni bara hafa lent í ryskingum og allt í einu hafi hann séð að hann var blóðugur. Ákærði hafi allt í einu tekið upp eitthvert ryðgað járn og sagst ætla að skera hann á háls: „I am going to cut your throat.“ Guðni hafi sagt ákærða að tala íslensku nei, engelsku og verið að „djóka eitthvað“ og þá hafi ákærði hlaupið á eftir sér og „dúf, dúff, dúff.“ Guðni kvaðst hafa verið inni í stigaganginum þegar hann fann fyrir hitanum og áttaði sig á því að hann var stunginn. Guðni kvaðst hafa hugsað: „Hvað er hann að kýla og svona og ég sparka hér og þar og næ einhverju svona höggi á mig og af hverju slappar hann ekki af og.“ Ákærði og Hrefna hafi verið inni í stigaganginum þá. Guðni kvaðst hafa sagt ákærða að láta sig vera en ákærði farið eitthvað í hann og Guðni sagt honum að hann mætti ekki slást og tekið ákærða niður í götuna og hafi alltaf ýtt honum í burtu en ákærði komið aftur eins og sogskál. Kvað Guðni ákærða hafa átt upptökin að átökunum, honum hefði fundist Guðni kannski svívirða hana of mikið með því að þjófkenna hana eða segja við hana að hún væri drusla.

Aðspurður hvort Guðni hafi séð hnífinn játti hann því. Um hafi verið að ræða heimatilbúinn hníf en ákærði hafi verið með tvo hnífa. Hann hafi séð annan hnífinn vel, hann hafi verið um þriggja sentímetra breiður og ákærði þá sagt: „Now I am going to cut your throat“. Þá hafi hann séð ákærða setja hinn hnífinn niður á endanum en sá hnífur hafi verið teipaður á endanum, járnstykki, ekkert sem hægt sé að kaupa, heldur heimatilbúinn. Ástæðan fyrir stungunni hafi verið hvatning frá Hrefnu um að drepa hann.

Guðni Þorberg kom fyrir dóminn og kvað málavexti vera þá að hann hafi hitt stúlkur á leið í meðferð sem hafi þurft að komast til Keflavíkur en hann hafi verið að fara þangað. Hann viti ekki mikil deili á stelpunum en hafi boðið þeim með sér. Þegar þau komu til Keflavíkur hafi hann farið heim til sín en hann hafi ætlað að sækja konu sína. Stúlkurnar hafi þá farið í burtu á bifreiðinni en hundurinn hans hafi verið í bifreiðinni. Hann hafi fengið spurnir af bifreiðinni í Kópavogi og farið þangað. Hann hafi séð bifreiðina á plani fyrir utan Engihjalla og litið inn í hana og ekki séð hundinn. Hann hafi verið á leið frá bifreiðinni þegar önnur stúlkan kom út úr húsinu. Hann hafi kallað til hennar og henni brugðið og komið með einhverjar afsakanir. Þau hafi gengið að bifreiðinni og hann spurt hana um hundinn. Þá hafi bifreiðin verið útötuð í ís og skemmdir verið innan og utan á bifreiðinni. Aðspurður kvað Guðni engar ryskingar hafa verið á milli sín og konunnar en hann hafi tekið í hnakkadrambið á henni og sýnt henni bifreiðina og sýnt henni meðferðina á bifreiðinni og spurt hana hvort hún sæi hundinn hans í bifreiðinni. Hún hafi verið með einhverjar afsakanir. Ákærði hafi þá komið stökkvandi yfir runna fyrir framan bifreiðina og ráðist á sig. Ákærði hafi verið með bakpoka á sér. Ákærði hafi aftur og aftur gert atlögu að Guðna en hann reynt að koma honum af sér. Guðni hafi ítrekað spurt um hundinn og ákærði ýmist sagt að hann væri búinn að drepa hann eða týna honum. Guðni kvaðst hafa tekið því illa. Ákærði hafi þá gert sér grein fyrir því að hann hefði ekkert í Guðna og hörfað inn í húsið. Ákærði

og stelpa hafi farið aftur inn í húsið og haldið hurðinni opinni og Guðni á eftir þeim. Guðni kvaðst hafa verið orðinn þreyttur á því að ákærði hefði annaðhvort selt eða drepið hundinn. Hann hafi álitnið að hundurinn væri inni í húsinu og hafi lokað hurðinni og ítrekað við ákærða að hann vildi fá hundinn. Hann hafi þá áttað sig á því að hann var særður en ekki fundið neinn sársauka, heldur bara séð blóð. Ákærði hafi hangið einhvern veginn á Guðna og stungið hann nokkrum sinnum og stúlkan þá legið á dyrabjöllunni. Hann hafi ákveðið að fara aftur út og sest úti á gangstétt. Hann hafi velt því fyrir sér að enginn hafi séð árásina. Þar sem hann hafi setið á gangstéttinni hafi ákærði komið út þrisvar sinnum aftur á eftir honum og veist að honum og hóttað að drepa hann. Guðni kvaðst aldrei hafa séð hnífinn en vitað að ákærði væri með hníf. Hann hafi þá gengið yfir götuna og sest og hringt fyrst í konu sína og síðan í lögreglu. Guðni kvaðst ekki hafa skilið hvað ákærði sagði en verið ógnandi og hóttað að skera hann á háls. Guðni kvaðst eingöngu hafa viljað fá vitneskju um það hvar hundurinn væri og verið orðinn reiður. Guðni neitaði að hafa veist að ákærða en hann hafi varið sig. Þeir hafi þó einu sinni verið í fangbrögðum. Kvaðst Guðni halda að í heildina hafi atburðurinn tekið um tíu mínútur.

Guðni kvaðst hafa gengið til sálfræðings eftir þetta og eigi langt í land með að ná sér. Hann hafi orðið fyrir hnífstungu úti í Svíþjóð fyrir nokkrum árum en hann reyni að hugsa ekki mikið um þetta. Árásin hafi verið mikið álag fyrir hann og fjölskylduna. Guðni kvaðst hafa legið á sjúkrahúsi í mánuð eftir árásina og verið á miklum sýklalyfjum. Hafi þurft að fjarlægja miltað. Ákærði kvaðst eiga erfitt með að vera innan um fólk, hann geti ekki farið í verslunarmiðstöðvar, kvikmyndahús eða aðra fjölmenna staði.

Aðspurður um misræmi í frásögn hans hjá lögreglunni kvaðst Guðni hafa verið á gjörgæslu þegar lögreglan kom og tók skýrsluna af honum og undir mjög miklu álagi eftir aðgerðina. Hann viti því varla hvað hann hafi sagt lögreglunni. Aðspurður hvort Guðni hafi verið ógnandi, kvað hann það geta verið, til þess að ganga úr skugga um það hvort hundurinn hafi verið inni í íbúðinni.

Auður Ólafsdóttir, íbúi að Engihjalla 25 í Kópavogi, kom fyrir dóminn og kvað ákærða og Hrefnu hafa verið gesti hjá sér umrætt sinn. Kvaðst hún ekki hafa séð atvikið sjálf. Lýsti hún því svo að hún hafi heyrt mikinn hávaða utandyra og farið út á svalir hjá sér til að þagga niður í fólkinu. Hún hafi séð brotaþola hlaupa á eftir Hrefnu og slá til hennar en Hrefna komið hlaupandi yfir bílaplanið. Hún hafi ekki séð ákærða þá. Hrefna hafi kallað til Auðar, þegar hún hljóp fram hjá svölunum, hvort hún mætti hringja á lögreglu hjá henni. Brotaþoli hafi einnig hlaupið fram hjá svölunum og stoppað þar og bannað sér að opna fyrir Hrefnu og jafnframt hóttað henni ef hún opnaði fyrir henni. Í því hafi dyrasíminn hringt og hún opnað fyrir Hrefnu en hún hafi vitað að Hrefna var með batteríslausan síma. Þetta hafi verið áður en brotaþoli var stunginn því að brotaþoli hafi ekki verið blóðugur þegar hann var fyrir framan svalirnar hjá henni. Ákærði hafi á þessum tímabili verið úti. Hrefna hafi hringt til lögreglu og verið inni hjá sér þar til lögreglan kom. Ákærði hafi síðan hringt dyrasímanum og annaðhvort hún eða Hrefna hleypt honum inn. Ákærði hafi farið inn á salerni og kastað þar upp en síðan farið aftur út úr íbúðinni. Hún hafi ekki séð ákærða með hníf. Taldi hún varla nema fimm til sex mínútur hafa liðið frá því að hún var úti á svölunum og þar til að ákærði kom svo inn til hennar. Auður kvaðst búa á fyrstu hæð og svalirnar væru þannig að hún sæi yfir bílaplanið en ekki inn í anddyri blokkarinnar. Kvað Auður Hrefnu hafa komið inn áður til að hlaða símann sinn, svo hún vissi til þess að sími Hrefnu hafi verið

batteríslaus.

Guðbjörg H. Waage kom fyrir dóminn og kvaðst búa á sömu hæð og Auður að Engihjalla 25 í Kópavogi. Hún hafi heyrt háreysti, hávaða og rifrildi fyrir utan íbúð sína umrædda nótt og lítið út um glugga hjá sér. Hún hafi séð tvær litlar manneskjur fyrir utan og einn stóran mann. Hún hafi ekki heyrt orðaskil en náði því að litla fólkið væri erlent. Hún hefði þó greint að stóri maðurinn var að saka litla fólkið um að hafa skemmt bifreiðina hans. Fólkið hafi komið alveg upp að húsinu og hún séð þegar fólkið kom upp að svölunum á íbúð 1c. Þar hafi hún séð þann stóra steyta hnefann og heyrt hann hrópa: „Ætlarðu að hleypa þeim inn?“ og heyrt Auði svara því neitandi. Nokkru seinna hafi hún heyrt skræki frammi á gangi og síðan eins og róandi karlmansródd. Meira hafi hún ekki heyrt né séð. Hún hafi svo heyrt daginn eftir að stóri maðurinn hafi verið stunginn en hún hefði frekar búist við því að litla maðurinn hefði verið stunginn. Kvað hún aðspurð að stóri maðurinn hafi verið ógnandi og reiknaði með að hann hefði lamið þann litla. Henni hafi fundist sá stóri ógna þeim litlu og að þau litlu hafi hörfað undan honum. Hún hafi haft það á tilfinningunni að fólkið tilheyrði Auði svo hún vildi ekki skipta sér meira af því. Sagði hún svalirnar hjá sér vera samliggjandi svölum á íbúð Auðar en steiptur veggur á milli þeirra.

Þóra Sigríðardóttir kom fyrir dóminn og kvaðst lítið muna eftir þessu atviki. Hún muni þó að hún, Hrefna og brotaþoli hafi farið til Keflavíkur en brotaþoli hafi ætlað að sækja dóp en brotaþoli hafi lánað henni bifreiðina. Þau hafi skutlað brotaþola í eitthvert hús, þær hafi beðið eftir honum en hann ekki komið né svarað síma. Þær hafi því farið til Reykjavíkur og farið upp í Von til að sækja um að komast í meðferð. Hún hafi þar hitt annan aðila og skilið Hrefnu eftir með bifreiðina. Aðspurð kvaðst hún muna eftir hundi í bifreiðinni en viti ekkert meira um hann. Meira viti hún ekki um málið.

Hlynur Steinn Þorvaldsson lögreglumaður kvaðst fyrir dómi hafa komið á vettvang og gert frumskýrslu um atvikið. Brotaþoli hafi legið á gangstéttinni á mótí Engihjalla og gert honum stutta grein fyrir því sem gerðist og bent á að ákærði væri inni í íbúð í húsinu. Ákærði hafi þá komið út úr íbúðinni og verið handtekinn þar. Ákærði hafi þá ekkert viljað við lögregluna ræða. Hrefna hafi sagt þeim inni í lögreglubifreiðinni að ákærði hafi komið inn og sagst hafa stungið brotaþola og hún tekið við hnífnum frá ákærða. Fannst lögreglunni sá framburður stangast á við vettvang þar sem æla hafi verið í forstofunni og framan á veski hennar, sem var inni í íbúðinni, og því hljóti Hrefna að hafa verið með ákærða þegar hann kastaði upp. Aðspurður kvað Hlynur Hrefnu fyrst hafa verið mjög æsta og í vímuefnaástandi en síðar hafi hún viljað ræða við lögregluna. Kvaðst hann aðspurður muna til þess að Hrefna hafi gefið þá skýringu strax að ákærði hafi komið að þegar hún kallaði á hjálp.

Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson lögreglumaður sagðist hafa farið á vettvang í umrætt sinn. Hafi maður hálflegið úti á gangstétt þar og sagt þeim að hann hafi verið stunginn nokkrum sinnum. Sagði hann lögreglu að ákærði ásamt stúlku hafi hlupið inn í blokkina. Ákærði hafi síðan komið út úr íbúðinni og hafi hann verið handtekinn. Við öryggisleit á mannum hafi þeir fundið lítinn vasahníf og við leit í íbúðinni hafi fundist hnífur sem reyndist vera sá hnífur sem stungið var með. Með ákærða hafi verið stúlka, sem hafi sagt þeim strax að hún hafi ekki séð þegar brotaþoli var stunginn en hún hefði tekið við hníf af ákærða. Þá hafi æla verið í

forstofunni við póstkassana og einnig á veski inni í íbúðinni sem stúlkan kvaðst eiga.

Vignir Örn Oddgeirsson lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa fengið þrjá hnífa afhenta þegar hann kom á vettvang. Einn hnifur hafi verið á ákærða og annar í íbúðinni en hann mundi ekki hvaðan þriðji hnifurinn var. Þá hafi hann fengið upplýsingar um að átök hafi verið utandyra og átökin hafi tengst bifreið brotaþola sem stóð á bílastæðinu. Hafi æla verið í anddyrinu á húsinu. Hafi haldlagðir munir verið sendir í rannsókn.

Björgvin Sigurðsson, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa fengið fatnað aðila til rannsóknar. Hafi blóð verið í stuttermabol og peysu brotaþola og hafi einnig gat verið í bolnum og peysunni. Í fatnaði ákærða hafi fundist blóðblettir í buxum hans og hettupeysu. Þá hafi blóðsýni á hnífsblaði hnífs sem var haldlagður samsvarað blóði úr ákærða.

Theodór Friðriksson læknir kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið á vakt þegar brotaþoli leitaði á bráðamóttöku. Brotaþoli hafi verið með tvö grunn stungusár frammarlega á kvið og dýpra sár ofanvert á síðunni vinstra megin. Hafi strax vaknað grunur um að þar væri frekari áverki. Stungusárið gekk inn í ellefta rif aftan við kviðarholið, skarst í miltað og síðan í nýra. Brotaþoli fór strax í aðgerð þar sem miltað var fjarlæggt og tvö sár á nýra saumuð saman. Virtist sárið vera sex til átta sm djúpt. Blæðing hafi verið í kringum milta og nýra. Ástæða hafi verið til að kanna hvort áverki væri í brjóstholi, sem reyndist ekki vera. Stungan hafi verið það ofarlega að áverki gæti hæglega endað í brjóstholi. Hafi áverkinn verið lífshættulegur. Hefði áverki verið á æð við milta hefði sjúklingi hæglega getað blætt út á stuttum tíma. Kvað hann eftirköst þess að missa milta helst vera að sjúklingi sé hættara við sýkingum.

Sólveig Kjærnested sálfræðingur kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið með Guðna Þorberg í meðferð hjá sér veturinn 2012 til 2013. Guðni hafi leitað til hennar þegar hann var nýlega kominn á Litla-Hraun. Hafi ástæða þess verið hnífstunguárás sem hann varð fyrir árið 2004. Hafi þau farið að vinna með áfallastreituröskun sem Guðni var að kljást við. Rót áfallastreituröskunar Guðna sé fyrri árásin en síðari árásin varð til þess að festa fyrri röskun í sessi. Guðni sé óöruggur, eigi erfitt með traust, eigi við vímuefnafíkn að stríða og forðist fjölmenna staði. Taldi hún að hann þyrfti á áframhaldandi meðferð að halda og ætti að ná bata væri unnið með hann áfram.

Forsendur og niðurstöður.

Ákærði krafðist sýknu í máli þessu og kvaðst hafa verið að verjast árás brotaþola. Hann hafi ætlað að stinga brotaþola í fótinn til að losna við spörk hans en ekki ætlað að bana honum.

Að öllum framburði virtum, telur dómurinn aðdraganda málsins vera að Hrefna og Þóra fóru ásamt brotaþola til Keflavíkur á bifreið brotaþola. Í bifreiðinni hafi verið hundur brotaþola, enda mundi Þóra til þess að hundur hafi verið í bifreiðinni. Þóra og Hrefna fóru frá Keflavík án þess að taka brotaþola með sér og er sú frásögn Hrefnu trúverðug um það að hún hafi talið að Þóra hafi verið með

bifreiðina í láni. Fóru þær í Von þar sem Þóra ætlaði að sækja um að komast í meðferð og sat Hrefna eftir með bifreiðina er Þóra yfirgaf hana. Þá er trúverðug sú frásögn Hrefnu að hún hafi farið að Fíladelfíu í þeim tilgangi að hitta brotaþola og skila honum bifreiðinni. Sú frásögn Hrefnu að farsími hennar hafi orðið rafmagnslaus fær einnig stoð í frásögn Auðar sem sagði Hrefnu hafa komið inn til að hlaða símann sinn. Styður það einnig framburð Hrefnu að hún hafi farið aftur út og sími hennar orðið rafmagnslaus í annað sinn er þau áttu í útistöðum við brotaþola. Þá samrýmist sá framburður ákærða að Hrefna hafi farið út skömmu á undan honum frá Auði, framburði brotaþola, sem sagðist hafa séð Hrefnu við bifreiðina og ákærða koma að þeim stuttu síðar. Er framburður ákærða og Hrefnu að þessu leyti eins fyrir lögreglu og fyrir dómnum.

Hvað varðar aðdraganda átakanna, lýsti brotaþoli því fyrir lögreglu að hann hafi hitt Hrefnu við bifreiðina og hafi orðið reiður þegar hann sá bifreiðina og að hundurinn var ekki þar og þá tekið í hnakkadrambið á henni. Hún hafi hent lyklinum í hann og sagst hafa ætlað að skila bifreiðinni. Kemur það heim og saman við frásögn ákærða og Hrefnu. Þá kvaðst ákærði hafa gripið í hnakkadrambið á henni og labbað með hana að bílnum og hent henni inn í bílinn með athugasemdum. Þá hafi ákærði komið að honum og veist að honum.

Ákærði sagði fyrir dómnum að brotaþoli hafi ráðist að sér ógnandi og hafi hann orðið hræddur, enda hafi hann ekki haft roð við ákærða sem hafi verið miklu stærri en ákærði. Hann og Hrefna hafi því hlaupið inn í anddyri blokkarinnar. Fær þetta stoð í framburði Auðar sem býr á fyrstu hæð og kvaðst hafa farið út á svalir til að þagga niður í fólkinu. Þá styður framburður Guðbjargar einnig þennan framburð en hún kvaðst hafa séð stóra manninn steyta hnefa og verið ógnandi á eftir litla fólkinu. Að virtum framburði ákærða, Auðar og Guðbjargar telur dómurinn sannað að brotaþoli hafi komið hlaupandi á eftir ákærða og Hrefnu, ógnandi og með krepptan hnefa, að blokkinni og hafi þau endað inni í forstofu hússins. Brotaþoli kvað sjálfur fyrir dómnum að hann hafi verið reiður og varið sig og lýsti hann því einnig að þeir hafi verið í fangbrögðum og einnig að það gæti verið að hann hafi verið ógnandi í þeim tilgangi að ganga úr skugga um hvort hundurinn væri inni í íbúðinni. Þá kemur framburður ákærða og Hrefnu heim og saman við framburð brotaþola fyrir lögreglu þar sem hann kvaðst hafa tekið í síðuna á ákærða til þess að láta hann finna fyrir því að brotaþoli væri að tala við hann en ákærði hafi þá orðið svolítið hræddur en samt verið stór karl í sér. Telur dómurinn frásögn ákærða um aðdraganda árásarinnar trúverðuga þar sem hún fær stoð í framburði annarra vitna og brotaþola sjálfum.

Framburður brotaþola hefur verið nokkuð á reiki. Hann lýsti fyrir lögreglu hvernig hnífa ákærði hefði verið með og lýsti tveimur vopnum. Fyrir dómnum neitaði hann því að hafa séð hnífinn nokkurn tímann. Þrátt fyrir að brotaþoli segi fyrir dómnum að hann hafi ekkert vitað hvað hann sagði í lögregluskýrslunni, þar sem hann hafi verið nývaknaður eftir erfiða aðgerð, þá liggur fyrir að brotaþoli fór í aðgerð strax við komu á bráðamóttökuna 3. febrúar en lögregluskýrslan var tekin 7. febrúar, sama dag og ákærði fór heim af sjúkrahúsinu. Þá er framburður brotaþola fyrir lögreglu í meginatriðum í samræmi við framburð ákærða, Hrefnu, Auðar og Guðbjargar Waage, bæði fyrir lögreglu og dómnum. Þá liggur fyrir að sú lýsing sem brotaþoli gaf á verkfærunum, sem ákærði átti að hafa verið með og notað við árásina, er í engu samræmi við þá hnífa sem lögregla lagði hald á og fann á ákærða.

Ákærði hefur ítrekað haldið því fram að hann hafi verið að verja sig fyrir árás brotaþola sem hafi verið mun miklu stærri en ákærði sjálfur. Báðir komu fyrir dóminn og er mikill stærðarmunur á þeim. Þá liggur fyrir að bæði ákærði og brotaþoli voru undir áhrifum fíkniefna, þrátt fyrir neitun brotaþola þar um. Ákærði lýsti því fyrir lögreglu að hann hafi legið á grúfu á gólfinu og verið að verja sig þegar hann stakk brotaþola. Fyrir dóminum sýndi ákærði í hvaða stöðu hann var. Telur dómurinn tungumálaörðugleika skýra þetta misræmi ákærða en um leið og hann sýndi afstöðu sína, sitjandi á hækjum sér með handlegg fyrir andlitinu, þá talaði hann um að vera á grúfu.

Ákærða og vitnum ber ekki saman um það hvar Hrefna var þegar brotaþoli var stunginn, en Hrefna kvaðst ekki hafa orðið vitni að árásinni þar sem hún hafi verið komin inn í íbúð Auðar. Brotaþoli heldur því fram að hún hafi verið í anddyrinu og hvatt ákærða til verka. Framburði brotaþola til stuðnings er sú staðreynd að uppköst voru bæði í anddyri og á handtösku Hrefnu sem fannst í íbúðinni. Þrátt fyrir þetta misræmi, telur dómurinn engu breyta hvort Hrefna hafi verið við það að komast inn, en hún segist hafa legið á dyrabjöllunni, eða komin inn í íbúð Auðar sem er á fyrstu hæðinni, atburðarásin hlýtur að hafa verið það hröð að ekki er víst að hún hafi gert sér grein fyrir hnífstungunni þegar hún átti sér stað. Hins vegar kemur sá framburður brotaþola um að ákærði hafi komið út á eftir honum, heim og saman við þá frásögn Auðar og Hrefnu að ákærði hafi komið nokkru seinna inn í íbúðina á eftir Hrefnu, þegar hann henti hnífnum til hennar. Ákærði neitar því hins vegar.

Ákærði játaði fyrir dóminum að hafa stungið ákærða en neitar því að ásetningur hafi staðið til að bana honum.

Ákærði krefst sýknu á grundvelli 12. gr. laga nr. 19/1940 um neyðarvörn. Ákærði kveðst hafa óttast um líf sitt og unnustu sinnar en brotaþoli hafi verið miklu stærri og þyngri en ákærði. Ákærði hafi verið í lélegu ástandi vegna fíkniefnaneyslu og ekki geta varist. Brotaþoli hefur viðurkennt að hafa reiðst og tekið í ákærða og Hrefnu og vitnið Guðbjörg ber að ákærði hafi lagt á flótta undan brotaþola frá bifreiðastæðinu að blokkinni. Ákærði kveðst hafa verið innikróaður og ekki átt neinnar undankomu auðið er brotaþoli sparkaði í hann og barði. Þá hafi enginn ásetningur verið hjá ákærða að bana brotaþola heldur einungis að hræða hann og meiða í fótunum til að losna við spörk hans. Réttarlæknisfræðileg rannsókn á ákærða sýndi að hann var með kúlu á miðju enni, trúlega eftir högg, ca 4 x 2,5 cm, nef var marið og rautt. Margar grunnar húðrispur voru á vinstri úlnlið lófamegin og mar og eymsli við vöðvafestu ulnart. Þá séu roðaför um báða úlnliði sem séu sennilega eftir handjárn. Vinstra megin á baki var húðrispa, sem gæti verið eftir fingur. Á hægri hné og framan á vinstri legg var smá yfirborðshrufl. Samrýmast þessir áverkar framburði ákærða um að á hann hafi verið ráðist og hvernig.

Réttarlæknisfræðileg rannsókn á Hrefnu Rán sýna einnig áverka á henni sem samrýmast frásögn hennar um atlögu brotaþola að henni á bifreiðastæðinu.

Þegar framburður vitna og ákærða fyrir dóminum og lögreglu er metinn, og þá sérstaklega brotaþola sjálfs, telur dómurinn sannað að ákærði hafi orðið fyrir árás brotaþola áður en til hnífstungunnar kom. Ákærði taldi sig vera borinn ofurliði og árásarmaðurinn miklum mun stærri en ákærði, enda ákærði kominn á hækjur sér

og varðist spörkum og höggum þegar hann tók upp hnífinn.

Telur dómurinn ósannað, þegar á allt er litið, að ásetningur ákærða hafi staðið til að svipta brotþola lífi. Ákærði reyndi sannanlega að flýja brotþola en lenti í ógöngum. Er varhugavert að fullyrða að ákærði hafi beitt hnífnum í þeim tilgangi að bana brotþola eða að honum hafi hlotið að vera ljóst að stungan gæti leitt til bana. Er því ekki unnt að sakfella hann fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga. Með hliðsjón af aðstæðum öllum verður þó að telja að ákærði hafi farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar með því að beita hnífnum sér til varnar og veita brotþola þá áverka sem lýst er í ákæru. Verður ekki fallist á að árás brotþola hafi gefið ákærða tilefni til svo harkalegra viðbragða sem raunin varð. Verður þessi verknaður ákærða því ekki metinn honum refsilaus með vísan til 1. mgr. eða 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Gekk ákærði mun lengra í atlögu sinni en árásin á hann gaf tilefni til og verður ákærði því talinn sekur um líkamsárás er varði við 2. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Að virtum atvikum öllum telur dómurinn, við ákvörðun refsingar, verða að horfa til 3. mgr. 218. gr. b. laga nr. 19/1940. Telur dómurinn sannað að brotþoli hafi átt upptökin að átökunum með því að hafa veist að Hrefnu í upphafi eins og rakið er að ofan og brotþoli lýsti sjálfur, sem ákærði reyndi í framhaldi að verja. Hrakti ákærði þau síðan af bifreiðastæðinu inn í anddyri blokkarinnar þar sem ákærði varð undir í árás brotþola er hann greip til hnífsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur honum tíu sinnum verið gerð refsing fyrir ýmis brot frá árinu 2007. Þau brot hafa þó ekki áhrif við ákvörðun refsingar nú.

Með vísan til alls þess sem að ofan er rakið, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átján mánuði. Tæpt eitt og hálf ár er liðið frá því brotið átti sér stað. Ákærði kveðst vera hættur neyslu fíkniefna, þó svo engin vottorð hafi verið lögð fram því til staðfestu, hann er í fastri launaðri vinnu í álverinu á Reyðarfirði, kominn í sambúð og á von á barni í júlí nk. með sambýliskonu sinni. Þykir dómnum rétt með vísan til þessa að skilorðsbinda fimmtán mánuði refsingarinnar, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Að þessum málalokum virtum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem er samkvæmt yfirliti 275.018 krónur, málflutningslauna skipaðs verjanda ákærða, á rannsóknarstigi og fyrir dómi, Unnars Steins Bjarndals hdl., 1.054.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 67.488 krónur í aksturskostnað og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Páls Kristjánssonar hdl., 426.700 krónur.

Einkaréttarkrafa.

Í málinu gerir brotþoli kröfu um að honum verði dæmdar 3.257.257 krónur í skaðabætur með tilgreindum vöxtum og sundurliðast þannig í kröfugerð brotþola: 3.000.000 króna í miskabætur og 257.275 krónur í kostnað við að halda bótakröfunni uppi. Að auki er krafist þóknunar réttargæslumanns. Ákærði mótmælti bótakröfunni.

Við aðalmeðferð málsins lagði brotþoli fram reikninga vegna lyfjakostnaðar og komugjalda á heilsugæslu auk reiknings fyrir sálfræðivottorði. Er ekki gerð grein fyrir þessum kostnaði í bótakröfunni og verður því að vísa þeirri kröfu frá dómi sem of seint fram kominni. Í þinghaldi þann 7. mars 2013 var Stefán Karl Kristjánsson hdl. skipaður réttargæslumaður brotþola en við upphaf aðalmeðferðar var Páll Kristjánsson hdl. skipaður í hans stað. Með vísan til síðari málsliðar 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 verður bótakrefjanda ekki dæmdur málskostnaður við að halda uppi bótakröfu hafi honum verið skipaður réttargæslumaður.

Fyrir liggur að brotþoli varð fyrir andlegu og líkamlegu tjóni við atlögu ákærða. Varð að fjarlægja milta úr brotþola og sauma nýra hans saman. Samkvæmt vitnisburði Theodórs Friðrikssonar læknis eru afleiðingar þess að missa milta aukin sýkingarhætta og því gæti verið þörf á meiri lyfjagjöf vegna þess. Þá kvað Sólveig Fríða Kjærnested sálfræðingur fyrir dóminum áhrif árársinnar hafa vakið upp minningar brotþola um árás árið 2004 sem hann hafi verið að vinna úr. Segir í greinargerð hennar: „Þar sem ljóst þykir að einkenni áfallastreituröskunar eftir seinni hnífstunguárásina styrktust enn frekar er það mat undirritaðrar að Guðni hefur þörf fyrir sértæka þjónustu til að vinna úr áfallatengdum þáttum. Þar sem Guðni hefur verið að glíma við áfallastreituröskun í áraraddir eru líkur á að sú vinna gæti tekið lengri tíma en muni bæta lífsgæði hans til muna“. Af þessu verður ekki annað ráðið en að andlegt ástand brotþola í dag, eigi sér ekki eingöngu rætur í árásinni 2012. Hitt er annað að brotþoli á eftir að búa við það sem eftir er að hafa misst milta og búa við afleiðingar þess. Þykja miskabætur með vísan til 26. gr. laga nr. 50/1993 hæfilega ákveðnar 800.000 krónur. Bótakrafan var fyrst birt ákærða við þingfestingu málsins þann 7. mars sl. Skal hann því greiða vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. febrúar 2012 til 7. apríl 2013, en samkvæmt 6. gr., sbr. 5. gr., frá þeim degi til greiðsludags.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Rafal Sobczak, kt. 000000-0000, skal sæta fangelsi í átján mánuði en fresta skal fullnustu fimmtán mánaða refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, samtals 1.823.406 krónur, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Unnars Steins Bjarndal hdl., 1.054.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 67.488 krónur í aksturskostnað auk þóknunar skipaðs réttargæslumanns, Páls Kristjánssonar hdl., 426.700 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði Guðna Þorberg Theodórssyni, kt. 000000-0000, 800.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. febrúar 2012 til 7. apríl 2013 en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr., sbr. 5. gr., laganna frá þeim tíma til greiðsludags.

Ástríður Grímsdóttir.